



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10.1.2020
Tilvísun: 201912-0018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.), 450. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.), 450. mál.

Í c-lið 12 gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að 3. mgr. 116.gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 verði felld brott. ASÍ vekur athygli Alþingis á því, að ef ákvæði laganna um staðgreiðslu nr. 45/1987 veita næga tryggingu hvað varðar ábyrgð og innheimtu skatta erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra eins og segir í greinargerð frumvarpsins, er breytingin þarfalaus. Breytingin er hins vegar rökstudd í greinargerðinni þannig að c. liður 116. gr. geti hindrað frjálsa för, leitt til mismununar og latt atvinnurekendur til þess að ráða erlenda ríkisborgara. Þetta er fullyrt þrátt fyrir að sömu skyldur á atvinnurekendur séu í öðrum lögum. Þessi rökstuðningur einn og sér kallar því á frekari skýringar. Jafnframt bendir ASÍ á að engar vísbendingar eru til staðar um að skattalög hindri ráðningu erlends vinnuafis. Þvert á móti hefur erlendu launafólki hér á landi fjölgað sem aldrei fyrr á undanföllum árum. ASÍ bendir einnig á að ákvæði c-liðar 116. gr. tekur til allra erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra meðan lögin um EES nr. 2/1993 taka einungis til ríkisborgara á EES svæðinu. Miðað við rökstuðning þann í greinargerð sem áður er vísað til getur því staða ríkissjóðs orðið verri gagnvart innheimtu skatta af launafólki utan EES og vegna ríkisfangslausra. Loks vekur ASÍ athygli á að Ísland er ekki undir neinum skuldbindingum til þess að liðka fyrir ráðningu erlends vinnuafis utan EES eða liðka fyrir ráðningu ríkisfangslausra.

Í 14. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um breytingu á 6. tölul. 5 gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 þess efnis að þeim aðilum sem bera takamarkaða skattskyldu á Íslandi verði veitt undanþága frá staðgreiðslu af söluhagnaði af íslenskum hlutabréfum og stofnbrefum. ASÍ telur að ekki séu færð efnisleg rök fyrir því að meðhöndla söluhagnað aðila



með öðrum hætti en launatekjur og ekki liggur fyrir hvaða áhættu slík breyting kann að hafa í för með sér fyrir innheimtuöryggi skatttekna af umræddum skattstofni.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

The Icelandic Parliament
Economics Affairs & Trade Committee
Kirkjustraeti
101 Reykjavik

Clearstream Banking S.A.

42 Avenue JF Kennedy
L-1855 Luxembourg

Mailing address
L-2967 Luxembourg

Phone
+352 / 2 43-3 62 51

Fax
+352 / 2 43-63 62 51

Internet
www.clearstream.com

E-mail
Godefroid.Lamboray@clearstream.com

January 13, 2020

Subject: Opinion on the bill to amend various laws on taxation (withholding, assessment, etc.) / Parliamentary document no. 626 - Case no. 450.

LuxCSD/Clearstream is welcoming the abortion of withholding tax on capital gains from Icelandic equities under the new tax bill proposal.

However, LuxCSD/Clearstream would also welcome the abortion or the simplification of the capital gain reporting process.

LuxCSD/Clearstream being a direct participant into the Icelandic CSD (i. Nasdaq verðbréfamiðstöð) and a tax agent for capital gains on equities does not have the capacity to report capital gains.

The main difficulty of capital gains reporting is due to the fact that transactions at Beneficial Owner level cannot be monitored when there is a chain of intermediaries operating via omnibus account structures (most clients of LuxCSD/Clearstream are financial institutions also acting as intermediaries).

Another difficulty is the monitoring of transactions as capital gains need to reconcile buy and sell date and price of securities with complex inventory methods that are extremely difficult to implement and may lead to wrong calculations.

Given the above, LuxCSD/Clearstream would not be in a position to offer custody of Icelandic equities to its clients unless reporting requirement would be waived (or simplified).

In order to provide transparency to the RSK, LuxCSD/Clearstream would be in a position to provide the following reporting information:

- LuxCSD/Clearstream could provide information on transactions taking place in the books of Clearstream (transaction type, counterparties name, settlement date, trade date, trade price, Quantity, ISIN, cash amount).
- In addition, LuxCSD/Clearstream could provide on an agreed timeframe disclosure of positions at beneficiary level (name, address, tax ID, position on a

Clearstream Banking
société anonyme is organised
with limited liability in the
Grand Duchy of Luxembourg
RC Luxembourg B 9248
VAT Reg No. LU10294056

Registered address
42 Avenue JF Kennedy
L-1855 Luxembourg

specified date in a given security)

Yours sincerely,

Godefroid Lamboray

Executive Director

Head of Network Management

Icelandic translation of the aforementioned. In the case of difference between the Icelandic translation and the English text, the English text shall prevail / *Íslensk þýðing á framangreindu. Ef um ósamræmi er að ræða á milli íslenskrar þýðingar og enska textans, þá skal enski textinn ganga framur:*

LuxCSD / Clearstream fagnar afnámi staðgreiðslu á söluhagnaði af íslenskum hlutabréfum samkvæmt nýrri tillögu um breytingu á skattalögum.

Hins vegar myndi LuxCSD / Clearstream gjarnan vilja sjá afnám á eða einföldun á upplýsingaskyldu til skattfirvalda um söluhagnað.

LuxCSD / Clearstream sem beinn þátttakandi hjá íslensku verðbréfamiðstöðinni (þ.e.a.s. Nasdaq verðbréfamiðstöð) og staðgreiðsluskyldur aðili fyrir söluhagnað hlutabréfa hefur ekki burði til að tilkynna um söluhagnað hlutabréfa.

Helstu erfiðleikar við upplýsinga- og skýrslugjöf um söluhagnað stafa af því að ekki er hægt að hafa eftirlit með viðskiptum hjá raunverulegum eigendum þegar það er keðja af milligönguaðilum sem starfa með vörslureikninga (e. omnibus) (flestir viðskiptavinir LuxCSD / Clearstream eru fjármálastofnanir sem starfa einnig sem milliliðir).

Annar vandi er að fylgjast með viðskiptum þar sem gera þarf grein fyrir söluhagnaði með upplýsingum um dagsetningu og verð verðbréfa við kaup og sölu með flóknum útreikningum sem eru afar erfiðir í framkvæmd og geta leitt til rangra útreikninga.

Með hliðsjón af framangreindu væri LuxCSD / Clearstream ekki í aðstöðu til að bjóða viðskiptavinum sínum að fjárfesta í íslenskum hlutabréfum nema fallið verði frá kröfu um upplýsinga- og skýrslugerð (eða sú krafa sé einfölduð).

Til þess að veita RSK gagnsæi væri LuxCSD / Clearstream í aðstöðu til að veita eftirfarandi skýrsluupplýsingar:

- LuxCSD / Clearstream gæti veitt upplýsingar um viðskipti sem fara fram í bókum Clearstream (viðskiptategund, nafn mótaðila, uppgjörsdagur, viðskiptadagur, viðskiptaverð, Magn, ISIN, upphæð reiðufjár).
- Að auki gæti LuxCSD / Clearstream veitt upplýsingar um stöður innan ákveðins tímaramma niður á raunverulega eigendur (nafn, heimilisfang, skattaauðkenni, staða á tilteknum degi í tilteknum verðbréfum)

Virðingarfyllst.

Godefroid Lamboray
Executive Director
Head of Network Management

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Kópavogur, 13. janúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta- og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.) / þingskjal 626 – 450. mál.

Deloitte ehf. („**Deloitte**“) vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um fyrirbyggjandi frumvarp fjármála- og efnahagsráðuneytisins til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta- og gjöld (staðgreiðsla, álagning, o.fl.) sem lagt var fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 4. desember 2019 („**frumvarpið**“).

I. Frádráttarbærni vaxtagjalda (e. Thin-Cap)

Deloitte fagnar þeirri breytingartillögu sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins á ákvæði 1. mgr. 57. gr. b laga nr. 90/2003 um tekjuskatt („**tskl.**“) þannig að skýrt sé að fyrstu 100 milljónir króna af stofni vaxtagjalda og affalla séu undanþegnar takmörkunum á frádráttarbærni vaxtagjalda. Túlkun skattyfirvalda fram til þessa hefur verið sú að takmörkunin eigi einungis við þegar að vaxtagjöld eru lægri en 100 milljónir króna sem hefur leitt til jaðaráhrifa og mismununar á milli aðila sem eru með t.d. 99,9 milljónir króna í vaxtagjöld eða 100,1 milljónir króna í vaxtagjöld. Þar sem að gildistaka lagaákvæðisins er vegna tekna ársins 2019 bendir Deloitte á að það mætti koma skýrar fram að um sé að ræða breytingu í samræmi við upphaflegan vilja löggjafans þannig að áhrifin nái einnig til skattaðila sem eru þegar með ágreiningsmál í gangi hjá skattyfirvöldum vegna fyrri tekjuára.

Deloitte leggur einnig til að skýrt sé að lagaákvæðið taki til nettó vaxtagjalda að teknu tilliti til vaxtatekna, en ekki til brúttó vaxtagjalda. Mikilvægt er að lagaákvæðið sé skýrt til að koma í veg fyrir slíkar túlkanir því það myndi hafa verulega neikvæðar afleiðingar fyrir félög innan samstæðu sem hafa þann tilgang að taka lán fyrir hönd annara félaga innan sömu samstæðu. Sambærilegar reglur um frádráttarbærni vaxtagjalda sem innleiddar hafa verið á öðrum norðurlöndunum taka allar til nettó vaxtagjalda, þ.e. í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku, ásamt því að skattsniðgöngutillskipun Evrópusambandsins (e. Anti-Tax-Avoidance Directive) gerir einnig ráð fyrir nettó vaxtagjöldum.

II. Álagning og kærufrestur lögaðila

Deloitte fagnar þeirri tillögu í 10. gr. frumvarpsins að álagningu lögaðila verði færð aftur til mánaðarmótanna október/nóvember ár hvert í stað september/október eins og nú er. Mikið álag getur verið á fagaðilum við framtalsskil lögaðila og hefur Deloitte ekki farið

varhluta af því aukna álagi sem skapaðist þegar álagningunni var flýtt með lögum nr. 50/2018.

Deloitte telur þó nauðsynlegt að gera athugasemd við þá tillögu sem lögð er fram um að stytta kærufrest lögaðila úr þremur mánuðum í einn mánuð, en á móti lengja kæruafgreiðslutíma skattyfirvalda úr tveimur í þrjá mánuði. Þegar álagning lögaðila liggur fyrir er einnig mikið álag á fagaðilum að yfirfara, vinna úr niðurstöðum og aðstoða skattaðila að taka afstöðu til þess hvort þurfi að kæra niðurstöður álagningarinnar. Einn mánuður til slíkra yfirferðar fyrir þann fjölda skattaðila sem eru á grunnskrá er of skammur tími. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nauðsynlegt sé að lengja kæruafgreiðslutímann fyrir skattyfirvöld til þess að meiri tími gefist til vandaðra vinnubragða. Það sama ætti einnig að gilda um skattaðila sem oftast eru að tefla úr veikari stöðu en skattyfirvöld, þ.e. þeir eiga að hafa nægan tíma til að taka afstöðu til niðurstöðu álagningarinnar. Þannig ættu skattskyldir lögaðilar að lágmarki að hafa sömu tækifæri til vandaðra vinnubragða við kæru á álagningu eins og skattyfirvöld hafa til að afgangi slík mál.

III. Staðgreiðsla söluhagnaðar hlutabréfa hjá aðilum með takmarkaða skattskyldu

Í 14. gr. frumvarpsins er lögð fram tillaga um að við 6. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, bætist nýr málslíður sem er svohljóðandi:

„Til launa samkvæmt ákvæði þessu telst þó ekki söluhagnaður af íslenskum hlutabréfum og stofnbréfum skv. fyrrgreindum 7. tölul., sbr. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.“

Þá bætist einnig við 2. másl. 4. mgr. 9. gr. laganna:

„ [...] eða 7. tölul. 3. gr. að því er varðar söluhagnað af íslenskum hlutabréfum og stofnbréfum.“

Þannig felur tillagan einkum í sér að greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi muni ekki sæta staðgreiðslu þegar um er að ræða söluhagnað af íslenskum hlutabréfum eða stofnbréfum.

Deloitte fagnar ofangreindri tillögu og undirliggjandi markmiðum hennar enda er hún í grunninn til þess fallinn að greiða fyrir auknum viðskiptum með íslensk hlutabréf og stofnbréf. Íslensk atvinnufyrirtæki hafa síðustu misseri upplifað takmarkaðra aðgengi að fjármagni á innlendum markaði. Þannig má ætla að ef þessi lagabreyting verður samþykkt, og framkvæmdin útfærð með vönduðum og praktískum hætti, muni slík verðbréf verða meira aðlaðandi fjárfestingakostur fyrir erlenda fjárfesta og þar af leiðandi auka og styðja við samkeppnishæfni Íslands á alþjóðlegum markaði. Einnig liggur til að mynda fyrir að allir tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert við önnur ríki kveða á um að afdráttarskatti vegna söluhagnaðar hlutabréfa skuli ekki haldið eftir og skilað hér á landi þegar réttthafi slíkra tekna er heimilisfastur í hinu samningsríkinu. Þá eiga félög stofnsett innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, alla jafna rétt á skattlegum frádrætti/endurgreiðslu afdráttarskatts með því að skila inn skattframtali hér á landi, sbr. 9. tölul. a 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Þannig er ljóst að í fjölda tilvika á Ísland ekki skattlagningarréttinn af söluhagnaði hlutabréfa eða stofnbréfa, þ.e. þegar um er að ræða greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. Sömuleiðis má færa góð rök fyrir því að viðskipti milli tveggja erlendra aðila með íslensk hlutabréf séu ekki tekjur sem eru upprunnar á Íslandi, sbr. það sem hefur verið staðfest um söluhagnað af íslenskum skuldabréfum í viðskiptum tveggja erlendra aðila.¹

Til viðbótar þeim athugasemdum sem fram koma í kafla 3.11 í greinargerð með frumvarpinu vill Deloitte ítreka að núverandi staðgreiðslulöggjöf tekur ekki fullnægjandi tillit til þeirra aðstæðna þegar viðskipti með hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum eru gerð upp fyrir tilstilli erlendra milligönguaðila (s.s. alþjóðlegra vörslu- og uppgjörsaðila). Þannig kemur réttilega fram í umræddri greinargerð að upplýsingar um upphaflegt kaupverð hlutabréfa í slíkum viðskipum eru yfirleitt ekki tiltækar milligönguaðilum þegar viðskiptin eiga sér stað. Þar af leiðandi er nær útilokað að reikna út og halda eftir rétttri staðgreiðslu, líkt og áskilið er í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2013 um tekjuskatt og staðgreiðslu af vöxtum og söluhagnaði þeirra aðila sem bera takmarkaða skattskyldu. Þá skal einnig tekið fram að slíkir uppgjörsaðilar eru oftast en ekki fyrsti hlekkurinn í keðju margra milligönguaðila og hafa þar af leiðandi ekki upplýsingar um nákvæmt söluverð eða endanlegan rétthafa (e. *beneficial owner*) slíkra greiðslna þegar viðskiptin eiga sér stað, heldur einungis um næsta milligönguaðila sem tekur við greiðslunni. Þessar keðjur milligönguaðila geta verið nokkuð umfangsmiklar þar til kemur að endanlegum rétthafa söluhagnaðarins. Þegar milligönguaðilar geta kallað eftir upplýsingum um endanlegan rétthafa niður keðjuna, þá liggja ekki fyrir upplýsingar um upphafleg kaupverð eða stofnverð hlutabréfanna í hendi þeirra. Því er yfirleitt til staðar ákveðin ómöguleiki þar sem viðkomandi milligönguaðili, sem ber staðgreiðsluskylduna, getur hvorki nálgast upplýsingar um nákvæmt kaup- og söluverð hlutabréfanna, né upplýsingar um endanlegan rétthafa söluhagnaðarins.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 630/2013 um tekjuskatt og staðgreiðslu af vöxtum og söluhagnaði þeirra aðila sem bera takmarkaða skattskyldu skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla á tekjuskatti skattaðila sem skattskyldir eru skv. 7. eða 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt, vera fullnaðargreiðsla tekjuskatts án þess að frekari álagning fari fram, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þannig felur tillaga frumvarpsins í sér þá breytingu að fullnaðargreiðsla tekjuskatts vegna söluhagnaðar aðila með takmarkaða skattskyldu verður við álagningu líkt og þegar um aðila sem bera ótakmarkaða skattskyldu er að ræða. Þannig verður endanlegur rétthafi slíkra tekna, sem annað hvort a) kemur frá ríki sem ekki hefur gert tvísköttunarsamning við Ísland, eða b) hefur ekki fengið samþykka undanþágu frá RSK (5.42) á grundvelli gildandi tvísköttunarsamnings, bæði framtals- og skattsskyldur hér á landi í samræmi við 7. tölul. 3. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Að mati Deloitte má líta svo á, nái umrædd breyting fram að ganga, að milligönguaðilar sem framkvæma greiðslur vegna söluhagnaðar af íslenskum hlutabréfum og stofnbréfum til aðila sem eru tilgreindir í 7. tl. 3. gr. tskl. þurfi ekki að skila skýrslum til skattyfirvalda á grundvelli þess að slíkir aðilar eru ekki skilgreindir sem launagreiðendur skv. 2. mgr. 7.

¹ Úrskurður YSKN nr. 149/2014 og ákvarðandi bréf RSK nr. 3/2010.

gr. laga nr. 45/1987. Hins vegar, samkvæmt þeim upplýsingum sem Deloitte hefur fengið frá skattyfirvöldum myndi umrædd breytingartillaga líklega ekki ganga nógu langt til þess að undanþiggja milligönguaðila frá upplýsingaskyldu gagnvart skattyfirvöldum, þ.e. þeim yrði eftir sem áður gert að skila upplýsingum um söluverð og endanlegan réttthafa söluhagnaðar í slíkum viðskiptum, án þess að milligönguaðilinn hafi báðar upplýsingar tiltækar.

Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að samhliða umræddri lagabreytingu á staðgreiðsluskyldu aðila með takmarkaða skattskyldu vegna söluhagnaðar af íslenskum hlutabréfum og stofnbrefum verði jafnframt gerðar aðrar nauðsynlegar breytingar á núgildandi skattalöggjöf til þess að undirliggjandi markmið hennar um einföldun í staðgreiðslu- og skattfrankvæmd fyrir milligönguaðila nái fram að ganga með fullnægjandi hætti. Þannig verði útlistað nákvæmlega hvort (og að hvaða leyti) skyldur muni hvíla á milligönguaðilum m.t.t. öflunar og skila á upplýsingum til ríkisskattstjóra („**RSK**”). Þá er nauðsynlegt að slíkar skyldur verði afmarkaðar að öllu leyti við upplýsingar sem raunhæft er fyrir vörsluaðila að kalla fram svo ekki verði of íþyngjandi skyldur lagðar á slíka aðila sem kæmu jafnvel í veg fyrir að þeir sjái hag sinn í því að halda úti starfsemi hér á landi.

Að lokum vill Deloitte einnig leggja til að nánar verði kannað hvort grundvöllur sé fyrir því að einfalda staðgreiðslu- og upplýsingaskyldu milligönguaðila verðbréfavíðskipta þegar um er að ræða vaxtagreiðslur af skuldabréfum sem skráð hafa verið á skipulagðan verðbréfamarkað til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. Þannig liggur til dæmis fyrir að í flestum tilvikum er nær ómögulegt fyrir milligönguaðila að framkvæma réttan útreikning á skattstofni, m.t.t. áfallina vaxta við kaup og sölu slíkra verðbréfa, sem og að afla upplýsinga um endanlega réttthafa slíkra tekna, sbr. það sem áður hefur verið nefnt. Í því sambandi mætti sjá fyrir sér að vaxtagreiðslur af áföllnum vöxtum eða söluhagnaði í tengslum við kaup og sölu skráðra skuldabréfa yrðu gerðar undanþegnar frá staðgreiðslu þegar réttthafi slíkra tekna ber takmarkaða skattskyldu hér á landi, þrátt fyrir að eiginlegar vaxtagreiðslur yrðu áfram staðgreiðsluskyldar. Annar möguleiki væri að undanþiggja vaxtagreiðslur af öllum skuldabréfum sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað hér á landi frá tekjuskatti þegar réttthafi slíkra tekna ber takmarkaða skattskyldu, líkt gildir um vaxtagreiðslur af skráðum skuldabréfum sem gefin eru út af Seðlabanka Íslands (f.h. íslenska ríkisins), íslenskum fjármálastofnunum og orkufyrirtækjum, sbr. 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Þá væri slík breyting jafnframt til þess fallinn auðvelda íslenskum fyrirtækjum að afla sér erlendra fjármögnunar án aukins fjármögnunarkostnaðar þegar ekki er fyrir hendi undanþága afdráttarskatts samkvæmt tvísköttunarsamningi. Við slíkar aðstæður hefur íslenskur lántaki yfirleitt þurft að bera hvern þann skatt sem kann að vera lagður á vaxtatekjur erlenda lánveitandans.

IV. Virðisaukaskattsskýrslur

Deloitte fagnar þeirri breytingartillögu sem lögð er fram í 22. gr. frumvarpsins þar sem skylda RSK til að rannsaka virðisaukaskattsskýrslur þar sem innskattur er hærrí en útskattur (inneignarskýrslur) er afnumin. Umrædd skylda sem lögð hefur verið á embættið hefur verið íþyngjandi fyrir skattaðila þar sem að afgreiðsla embættisins og beiðni um gögn vegna inneignarskýrslna hefur verið í mörgum tilvikum verið þung og tekið langan tíma.

Að mati Deloitte er breytingin eðlileg og til bóta fyrir skattframkvæmd á sviði virðisaukaskatts. Mikilvægt er að RSK geti einbeitt sínum kröftum í að rannsaka skýrslur sem það telur sérstakar ástæður til að taka til skoðunar án þess að það sé skylda til að rannsaka allar inneignarskýrslur.

Virðingarfyllst,

Deloitte ehf.

Bjarni Þór Bjarnason,
Sviðsstjóri, skatta- og lögfræðiráðgjöf

Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Meðeigandi, skatta- og lögfræðiráðgjöf



Samantekt um umsagnir og tillögur ráðuneytisins.

1.1 Efni

Frumvarpsdrög, 450. mál, 150. löggjafarþing 2019–2020. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (ýmsar breytingar). Samantekt um umsagnir fyrir efnahags- og viðskiptanefnd, umsagnarfrestur til 13. janúar 2020 og tillögur ráðuneytisins.

1.2 Fjöldi umsagna

8.

1.3 Umsagnaraðilar

Clearstream, Deloitte ehf., KPMG ehf., Marel hf., Nasdaq verðbréfamistöð, ríkisskattstjóri, Samtök fjármálafyrirtækja og Seðlabanki Íslands.

1.4 Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Ákvæði 2. gr. frumvarpsdraganna – erlendir sérfræðingar

1.4.1 Ríkisskattstjóri

- Í umsögn ríkisskattstjóra er lagt til að orðalag 2. gr. taki breytingum og verði svohljóðandi:
„næsta 60 mánaða samfelldu tímabili fyrir upphaf starfa hans hér á landi, en þó þannig að fyrstu þrjú mánuðir dvalar héraðs teljast ekki með.“
- *Ráðuneytið er sammála þessari tillögu.*

Ákvæði 4. gr. frumvarpsdraganna – vaxtagjöld af blönduðum fjármálagerningum

1.4.2 KPMG:

- KPMG leggur til að aukið verði við 75. gr. tekjuskattslaga eftirfarandi málsgrein, svohljóðandi: „Fjármálagerningar skulu flokkaðir og færðir til skulda eða eigin fjár með sama hætti og í reikningsskilum, sbr. lög um ársreikna, settar reikningsskilavenjur og lög um bókhald.“

- *Ráðuneytið tekur ekki undir tillögu þessa þar sem á vinnslustigi frumvarpsins var gagngert ákveðið að kveða ekki á um að farið verði með skuldir á sama hátt og í reikningsskilum heldur einvörðungu litið til greiddra vaxta. Kom í ljós að það er vandasamt að tengja þetta tvennt saman, eins og kom fram einnig í umsögn KPMG á samráðsgátt stjórnvalda.*

Ákvæði 6. gr. frumvarpsdraganna – takmörkun á frádrætti vaxtagjalda.

1.4.3 Deloitte ehf.

- Deloitte fagnar þessari tillögu og bent er á það jafnframt að skýrar mætti koma fram í greinargerðinni með frumvarpinu að um sé að ræða breytingu í samræmi við upphaflegan vilja löggjafans þannig að áhrifin nái einnig til skattaðila sem eru með ágreiningsmál í gangi hjá skattyfirvöldum vegna fyrri tekjuára.
- *Ekki er unnt að fullyrða að þetta sé gert í samræmi við upphaflegan vilja löggjafans og því ekki lagt til af hálfu ráðuneytisins að kveða sérstaklega á um þetta í frumvarpinu.*
- Þá leggur Deloitte einnig til að skýrt sé að lagaákvæðið taki til nettó vaxtagjalda að teknu tilliti til vaxtatekna, en ekki brúttó vaxtagjalda. Mikilvægt sé að lagaákvæðið sé skýrt til að koma í veg fyrir slíkar túlkanir því það myndi hafa verulega neikvæðar afleiðingar fyrir félög innan samstæðu. Sambærilegar reglur sem innleiddar hafa verið á öðrum Norðurlöndum taki allar til nettó vaxtagjalda, þ.e. í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku, ásamt því að skattasniðgöngutískipun Evrópusambandsins geri einnig ráð fyrir nettó vaxtagjöldum.
- *Hvað varðar síðari punktinn þá þarfnast það betri skoðunar ef gera ætti breytingar í þessa veginu. Í skattasniðgöngutískipun Evrópusambandsins er orðalagið „exceeding borrowing costs“ notað. Það er m.a. skilgreint í 2. tölul. 2. gr. ATAD með svohljóðandi hætti: „exceeding borrowing costs’ means the amount by which the deductible borrowing costs of a taxpayer exceed taxable interest revenues and other economically equivalent taxable revenues that the taxpayer receives according to national law;“ Í 2. mgr. 57. gr. b tekjuskattslaga er sett fram skilgreining á hagnaði og kemur fram m.a. að þar sé átt við hagnað samkvæmt ársreikningi að viðbættum tekjuskatti, fiármagnsliðum o.s.frv. Ráðuneytið sér ekki rök fyrir að skerða eigi vaxtagjöld við tengda aðila að frádrögnum vaxtatekjum um 30% af hagnaði sem skuli m.a. innifela fjármagnsliði. Reglan sé skattasniðgönguregla og hönnuð til þess að tengdir aðila geti ekki núllað út skattstofna sín á milli með verulegum lánveitingum og -tökum og háum vaxtagjöldum. Aldrei er talað um veruleg nettó vaxtaútgjöld í skattskilum – annað hvort eru vaxtagjöld frádráttarþær sem slík eða ekki.*

Ákvæði 10. gr. frumvarpsdraganna – stytting kærufrests lögaðila og lengri afgreiðslufrestur ríkisskattstjóra.

1.4.4 Deloitte ehf.

- Deloitte gerir athugasemd við að lagt sé til að stytta kærufrest lögaðila úr þremur mánuðum í einn en lengja á móti kærufrestslutíma skattyfirvalda úr tveimur mánuðum í þrjá. Deloitte telur að sömu rök ættu að standa að baki því að lengja kærufrest lögaðila og ríkisskattstjóra, þ.e. að hafa nægan tíma til að taka afstöðu til niðurstöðu álagningarinnar. Þannig ættu skattskyldir lögaðilar að lágmarki að hafa sömu tækifæri til vandaðra vinnubragða við kærufrest á álagningu eins og skattyfirvöld hafa til að afgreiða slík mál.
- *Ráðuneytið heldur sig við upplaggið sem er í frumvarpinu með vísan til neðangreindra sjónarmiða ríkisskattstjóra, sbr. 1.4.5.*

1.4.5 Ríkisskattstjóri

- Ríkisskattstjóri segist vera sammála því að færa álagningu lögaðila aftur til loka október. Þá telur ríkisskattstjóri nægjanlegt að kærufrestur lögaðila sé einn mánuður en ekki þrjár vikur eins og nú er þar sem hann ber upp á öðrum tíma ársins og lögaðila njóti gjarnan liðsinnis fagaðila við kærufrest. Þá tekur ríkisskattstjóri heils hugar undir að lengja afgreiðslutíma kæra hjá ríkisskattstjóra í þrjá mánuði. Lengdur afgreiðslutími muni ekki hafa áhrif hjá meginþorra kæranda en svigrúm gæfist þannig þá að sama skapi til að flóknari úrlausnarefni fengju þá efnislegu úrlausn sem best hæfi. Þannig muni heildaravgreiðslufrestur í tilviki lögaðila stytta um einn mánuð skv. tillögu frumvarpsins, þ.e. einn mánuð í kærufrest til handa lögaðilum og þrjár vikur til að afgreiða kærufrest, en þessi heildartími sé nú fimm mánuðir.
- *Ráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið.*

Ákvæði 14. gr. frumvarpsdraganna – staðgreiðsla söluhagnaðar hlutabréfa felld niður.

1.4.6 KPMG ehf.

- KPMG gerir ekki athugasemd við tillögu um að felld verði niður skylda til að halda eftir skatti í staðgreiðslu af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa og stofnabréfa sem fellur þeim til er bera hér takmarkaða skattskyldu.
- Þá gerir KPMG að tillögu sinni að rök sem færð eru fyrir tillögu í 14. gr. frumvarpsdraganna eigi einnig við um arðgreiðslur milli innlendra félaga með takmarkaðri ábyrgð hluthafa. Ekki komi til endanlegrar skattlagningar slíks arðs skv. 9. tölul. 31. gr. en þrátt fyrir það skuli greiðandi arðsins halda eftir skatti af honum í staðgreiðslu og skila skattinum í ríkissjóð skv. ákvæðum laga nr. 94/1996. Afdráttur þessi skili ríkissjóði engum tekjum en bindi fé arðsmóttakanda að ástæðulausu. Full ástæða sé til að undanþiggja umræddar arðgreiðslur í afdrætti

skatts í staðgreiðslu, sem t.d. væri unnt að gera með breytingu á 3. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1996. Í stað orðanna „aðila sem samskattaðir eru skv. 55. gr.“ kæmu þá orðin: „félaga skv. 1. tölul. 2. gr.“

- *Áhugaverð rök.*

1.4.7 Marel hf.

- Tillögur af svipuðum toga koma frá Marel hf. og KPMG gerir en lýtur þó að því að færa staðgreiðsluskylduna frá útgefendum (lögaðilanum sjálfum) og til fjármálafyrirtækja með sama hætti og hljóðar í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996.
- *Sama svar og við lið 1.4.6.*

1.4.8 Deloitte ehf.

- Deloitte fagnar tillögu þar sem hún sé í grunninn til þess fallin að greiða fyrir auknum viðskiptum með íslensk hlutabréf og stofnbréf. Þannig megi ætla að ef þessi lagabreyting verði samþykkt og framkvæmdin útfærð með vönduðum hætti að slík verðbréf verði meira aðlaðandi fjárfestingarkostur fyrir erlenda fjárfesta og muni þannig styðja við samkeppnishæfni Íslands á alþjóðlegum markaði. Þá liggja fyrir að allir tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert við önnur ríki kveði á um að skattlagningarréttur vegna söluhagnaðar af hlutabréfum sé gefinn eftir þegar rétthafi slíkra tekna er með heimilisfesti í hinu samningsríkinu. Þá er bent á að öll félög sem stofnsett eru innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, eiga rétt á skattalegum frádrætti/endurgreiðslu afdráttarskatts með því að skila inn skattframtali hér á landi, sbr. 9. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt.
- Deloitte ítrekar jafnframt að núverandi staðgreiðslulöggjöf taki ekki fullnægjandi tillit til þeirra aðstæðna þegar viðskipti með hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum eru gerð upp fyrir tilstilli erlendra milligönguaðila. Þar af leiðandi sé nær útilokað að reikna út og halda eftir rétttri staðgreiðslu, líkt og áskilið er í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2013, um tekjuskatt og staðgreiðslu af vöxtum, og söluhagnaði þeirra aðila sem bera takmarkaða skattskyldu. Því sé til staðar ómöguleiki þar sem viðkomandi milligönguaðili sem ber staðgreiðsluskylduna getur hvorki nálgast upplýsingar um nákvæmt kaup- og söluverð hlutabréfanna, né upplýsingar um endanlegan rétthafa söluhagnaðarins.
- Þá bendir Deloitte á að tillaga ráðuneytisins feli í sér þá breytingu að fullnaðargreiðsla tekjuskatts vegna söluhagnaðar aðila með takmarkaða skattskyldu verður við álagningu líkt og þegar um aðila sem bera ótakmarkaða skattskyldu er að ræða. Þannig verði endanlegur rétthafi slíkra tekna, sem annað hvort getur ekki stuðst við gerðan tvísköttunarsamning eða hefur ekki fengið samþykka undanþágu frá RSK á grundvelli tvísköttunarsamnings, bæði framtals- og skattskyldur

hér á landi í samræmi við 7. tölul. 3. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um tekjuskatt. Samkvæmt upplýsingum frá skattyfirvöldum myndi þetta líklega fela í sér að viðkomandi milligönguaðila yrði gert að skila upplýsingum um söluverð og endanlegan rétthafa söluhagnaðar í slíkum viðskiptum.

- Deloitte bendir jafnframt á að aðrar nauðsynlegar breytingar þurfi að gera á nágildandi skattalöggjöf til að undirliggjandi markmið hennar um einföldun í staðgreiðslu- og skattframkvæmd fyrir milligönguaðila nái fram að ganga með fullnægjandi hætti. Þannig sé þörf á að útlista nákvæmlega hvort og hvaða skyldur muni hvíla á milligönguaðilum m.t.t. öflunar og skila á upplýsingum til ríkisskattstjóra. Betur færi á að leggja frekar slíkar skyldur á útgefanda hlutabréfa þar sem skylda hvíli nú þegar á útgefendum hlutabréfa að skila árlega inn hlutafjármiðum RSK2.045 þar sem fram koma upplýsingar um hlutafjareigendur og arðgreiðslur. Að öðrum kosti þurfi upplýsingaskyldur milligönguaðila að vera afmarkaðar við upplýsingar sem raunhæft sé fyrir vörsluaðila að kalla fram svo slíkar skyldur verði ekki of íþyngjandi og komi í veg fyrir að þeir sjái hag sinn í að starfa hér á landi.
- *Upplýsingar ráðuneytisins benda til þess að þær upplýsingar sem milliuppgjörsaðilar geti veitt samræmist kröfum ríkisskattstjóra um upplýsingagjöf.*
- Þá leggur Deloitte til að ráðuneytið kanni nánar hvort grundvöllur sé fyrir að einfalda staðgreiðslu- og upplýsingaskyldu milligönguaðila þegar um er að ræða vaxtagreiðslur af skuldabréfum sem skráð hafa verið á skipulegan verðbréfamarkað til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu. Í flestum tilvikum sé nær ómögulegt að framkvæma réttan útreikning á skattstofni til staðgreiðslu, m.t.t. áfallinna vaxta við kaup og sölu slíkra verðbréfa, sem og að afla upplýsinga um endanlegan rétthafa slíkra tekna, sbr. það sem áður hefur verið nefnt. Deloitte leggur til að vaxtagreiðslur af áföllnum vöxtum eða söluhagnaði í tengslum við kaup og sölu skráðra skuldabréfa yrðu undanþegnar frá staðgreiðslu þegar rétthafi slíkra tekna ber takmarkaða skattskyldu hér á landi, þrátt fyrir að eiginlegar vaxtagreiðslur yrðu áfram staðgreiðsluskyldar. Annar möguleiki væri að undanþiggja vaxtagreiðslur af öllum skráðum skuldabréfum frá tekjuskatti þegar rétthafi slíkra tekna ber takmarkaða skattskyldu, líkt og gildir um skráðum skuldabréfum gefnum út af Seðlabanka Íslands, íslenskum fjármálastofnunum og orkufyrirtækjum, sbr. 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga. Slík breyting væri jafnframt til þess fallin að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að afla sér erlendra fjármögnunar án aukins fjármögnunarkostnaðar þegar ekki er fyrir hendi undanþága afdráttarskatts samkvæmt tvísköttunarsamningi. Við slíkar aðstæður hefur íslenskur lántaki yfirleitt þurft að bera hvern þann skatt sem kann að vera lagður á vaxtatekjur erlenda lánveitandans.

- *Ráðuneytið telur ljóst að núverandi tillaga leysi ekki vandamál í framkvæmd staðgreiðslu vegna söluhagnaðar af skattskyldum skuldabréfum. Því er lagt til að efnahags- og viðskiptanefnd taki tillögur ráðuneytisins í þeim efnum til skoðunar sbr. kafla 1.5.2, sem miða að því að leysa vandamál varðandi skattskyld skuldabréf einnig svo fyrirtæki skráð á markaði hérlendis geti nálgast lánsfjármagn erlendis frá.*

1.4.9 Seðlabanki Íslands

- Seðlabanki Íslands segir í umsögn sinni að hann styðji framangreinda breytingu sem lögð er til í frumvarpinu. Óbreytt regluverk feli í sér tæknilega hindrun fyrir erlenda fjárfestingu í hlutabréfum og stofnbreytingum og búi til ákveðið ójafnfræði gagnvart innlendum fjárfestum.
- Mikilvægt sé að fækka aðgangshindrunum að innlendum mörkuðum eins og fremst er unnt og samræma regluverk við nágrannaríki okkar. Sérhæft og flókið regluverk smárikis verði frekar til þess að fjárfestar og þeir sem útfæra fjármálaþjónustu víða um heim sjái sér ekki hag í því að styðja fjárfestingu í íslenskum verðbréfum – sem gerir fjármögnun hér á landi dýrari en ella.
- Skoða þurfi vandlega í kjölfar þessara breytinga hvort til staðar séu fleiri íþyngjandi eða óeðlilegar hindranir fyrir erlenda fjárfesta á innlendum markaði, s.s. á skuldabréfamarkaði, enda sé þátttaka erlendra aðila á innlendum skuldabréfamarkaði með minnsta móti um þessar mundir.
- *Ráðuneytið tekur undir þessa umsögn.*

1.4.10 Lux CSD/ Clearstream

- Lux CSD/Clearstream fagnar í umsögn sinni tillögu um afnám staðgreiðslu á söluhagnaði af íslenskum hlutabréfum. Hins vegar er jafnframt kallað eftir afnám eða einföldun á upplýsingaskyldu milligönguaðila til skattyfirvalda um söluhagnað.
- Þá kemur fram í umsögninni að LuxCSD/Clearstream sé beinn þátttakandi hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð og þar með staðgreiðsluskyldur aðili fyrir söluhagnað hlutabréfa og hafi ekki burði til að tilkynna um söluhagnað hlutabréfa. Ekki sé hægt að hafa eftirlit hjá raunverulegum eigendum þegar að baki býr keðja af milligönguáðilum sem starfa með vörslureikninga, en flestir viðskiptavinir LuxCSD/Clearstream séu fjármálastofnanir sem starfa einnig sem milliliðir. Þá sé einnig erfitt að gera grein fyrir söluhagnaði með upplýsingum um dagsetningu og verð verðbréfa við kaup og sölu með flóknum útreikningum sem séu erfiðir í framkvæmd og geta leitt til rangra útreikninga og rangrar staðgreiðslu.
- LuxCSD/Clearstream sé því ekki að sögn í aðstöðu til að bjóða viðskiptavinum sínum að fjárfesta í íslenskum hlutabréfum nema fallið verði frá kröfum um upplýsinga- og skýrslugerð, eða sú krafa sé

einfölduð. Þá er tiltekið í umsögn hvaða upplýsingar LuxCSD/Clearstream væri í aðstöðu til að veita. Þar skiptir máli að nefna að aðeins væri unnt að veita upplýsingar um söluverð, tegund, nafn mótaðila, viðskiptadag, upphæð og einnig upplýsingar eftir á um raunverulega eigendur.

- *Ráðuneytið upplýsir nefndina um að hinn 20. desember 2019 birtist uppfærsla frá Clearstream þar sem segir: „Thanks to productive dialogue with the local authorities, the Central Bank of Iceland, the Tax Authorities and the Ministry of Finance in particular, significant progresses have been achieved that should enable Clearstream Banking to restore the activity progressively. An amended Bill is currently being proposed to the Parliament by the Ministry of Finance. Clearstream Banking trust that the new Bill provide necessary framework to define appropriate operational processes and has collaborated to the public comments in that respect. Reactivation will be considered in phases, and in line with agreement reached for each category of assets, namely the non-taxable bonds, the equities and the taxable bonds. Clearstream Banking expects to be able to deliver the first phase in Q1 2020 if the local conditions for doing so are met. Clearstream Banking also believes the new Bill represents a successful achievement in facilitating the access of the Icelandic market for foreign investors.“*
- *Staðan hefur verið sú að Clearstream lokaði fyrir öll viðskipti við Ísland á vormánuðum 2019 eftir afléttingu hafta þar sem það sá sér ekki kleift að verða við upplýsinga- og staðgreiðsluskyldu sína lögum samkvæmt án þess að hafa gert íslenskum yfirvöldum viðvart um það. Samtöl við Seðlabanka Íslands hófust svo á haustmánuðum og í kjölfarið sameiginlegar viðræður ríkisskattstjóra og fjármála- og efnahagsráðuneytisins ásamt Seðlabanka Íslands við Clearstream til þess að reyna að finna lausnir á vandanum.*

1.4.11 Nasdaq verðbréfamiðstöð

- Nasdaq fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í II. kafla frumvarpsins. Nái breytingin fram að ganga verði söluhagnaður hlutabréfa og stofnbreifa undanþeginn afdrætti staðgreiðslu hjá þeim aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. Telja verði að sú breyting muni hafa jákvæð áhrif á viðskipti með íslensk hlutabréf og einfalda framkvæmd uppgjors viðskipta sem geri milliliðum á fjármálamarkaði kleift að þjónusta viðskiptavinum sína.
- Þá fer Nasdaq yfir stöðuna og segir að innlendar verðbréfaeignir á Íslandi séu að miklum meirihluta skráðar á nafn endanlegs eiganda í verðbréfamiðstöð fyrir tilstuðlan fjármálafyrirtækis sem er aðili að verðbréfamiðstöðinni og á í viðskiptasambandi við eiganda verðbréfa. Erlend verðbréfaeign innlendra fjárfesta hjá innlendum fjármálafyrirtækjum sé hins vegar safnskráð erlendis. Hlutfall erlendra

fjárfesta sem kjósa að varsla verðbréf á íslenskum safnreikningum sé mjög lágt í samanburði við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Safnskráning geti verið forsenda fyrir því að erlendir fjárfestar eigi viðskipti með innlend verðbréf, þar sem þeir geti þá nýtt það viðskiptasamband sem þeir eiga í við sitt fjármálafyrirtæki erlendis til að eiga viðskipti með íslensk verðbréf. En til að það nái fram að ganga þurfi reglur um skattlagningu söluhagnaðar að vera einfaldar og skýrar.

- Útreikningur á afdráttarskatti af söluhagnaði hlutabréfa og vaxtagreiðslum skuldabréfa hafi reynst milliliðum og vörsluaðilum erfiður þar sem upplýsingar um kaupverð liggi ekki fyrir hjá þeim aðila sem skilaskylduna ber. Fyrirkomulagið sé sérstaklega flókið í þeim tilfellum sem um er að ræða vörslukeðju milliliða og verðbréfin skráð á safnreikninga.
- Þá bendir Nasdaq á að í kjölfar þessara breytinga sem frumvarpið leggi til sé mikilvægt að skerpa á reglum er snúa að upplýsingaskilum milliliða til ríkisskattstjóra en ofangreindir örðugleikar um upplýsingaöflun um kaupverð valdi því að milliliðir hafi ekki tiltæktar þær upplýsingar sem skattstjóri fer fram á og eigi erfitt með að nálgast þær.
- *Ráðuneytið tekur undir framangreinda umsögn.*

1.4.12 Samtök fjármálafyrirtækja

- Samtökin taka fram að í dag séu tvö greiðslumiðlunarfyrtæki leiðandi á markaði í Evrópu, Clearstream og Euroclear. Til þess að hlutabréf séu seljanleg á alþjóðamarkaði verði þau að vera til umsýslu hjá alþjóðlegu greiðslumiðlunarfyrtæki. Bæði Íslendingar og aðilar með takmarkaða skattskyldu geti átt viðskipti með íslensk hlutabréf sem skráð eru í erlendar kauphallir og hafi þessi alþjóðlegu greiðslumiðlunarfyrtæki haft milligöngu um uppgjör á þessum bréfum. Hafni þessi fyrirtæki að annast umsýslu bréfanna lokist aðgangur hlutafélaganna að erlendum hlutabréfamörkuðum. Borið hafi á því að þau hafi hafnað að taka íslensk hlutabréf í vörslu fyrir íslensk fjármálafyrirtæki þar sem þau telji ómögulegt að uppfylla skilyrði 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, um upplýsinga- og skýrslugjöf um söluhagnað. Ástæða þess sé m.a. uppsetning vörslureikninga hjá erlendum vörsluaðilum, svonefndir Omnibus reikningar, og þá margir aðilar skráðir á sama vörslureikninginn og ekki hægt að sundurgreina eignasafnið eftir eigendum. Nánari umfjöllun er að finna í umsögn samtakanna um þetta atriði en þau leggja áherslu á að þó svo staðgreiðsluskyldan verði felld niður hvíli enn skylda á alþjóðlegu greiðslumiðlunarfyrtækjunum að skila upplýsingum um viðskipti með íslensk hlutabréf til ríkisskattstjóra til forskráningar á skattframtöl skv. 2. mgr. 92. gr. tekjuskattslaga. Lagt er til að upplýsingaskyldan verði látin hvíla á þeim í þeim tilvikum sem

erlendu fyrirtækin taka að sér vörslu hlutabréfa fyrir íslenskan vörsluaðila (t.d. íslenskan banka).

- Þá benda samtökin á hvað varði staðgreiðslu skatta af vöxtum sem greiddir eru erlendum viðtakanda að í framsöguræðu fjármála- og efnahagsráðherra hafi komið fram að hann hefði áhuga á að efnahags- og viðskiptanefnd skoði í samvinnu við ráðuneytið hvort ástæða sé til að útvíkka undanþáguna og fella undir hana vaxtagreiðslur af skuldabréfum. Ráðherra tók fram í ræðu sinni að staðgreiðsluskyldan geti komið í veg fyrir möguleika íslenskra aðila til að fá fjármögnun erlendis frá. Samtökin fagna þessari umræðu og hvetja eindregið til þess að staðgreiðsla skatta af vaxtagreiðslum til aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi verði afnumin. Óhætt sé að fullyrða að sú staðgreiðsla sé viðskiptahindrun hvað varðar fjárfestingu erlendra aðila í íslensku viðskiptalífi og gerir Ísland lítið aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta. Fyrirkomulag skattheimtu sé eitt það fyrsta sem fjárfestar skoði við mat á fýsileika fjárfestingar og þetta séríslenska fyrirkomulag hafi fælandi áhrif enda kostnaðarsamt og íþyngjandi ferli.
- Þá rifja samtökin upp forsögu staðgreiðsluskyldu á vöxtum. Árið 2009 voru samþykkt lög nr. 70/2009 á Alþingi um ráðstafanir í ríkisfjármálum en með þeim urðu vaxtagreiðslur til erlenda aðila skattskyldar hér á landi. Þá hvíli einnig skylda samkvæmt íslenskum lögum að halda eftir í staðgreiðslu skatti af vöxtum greiddum úr landi. Þar skipti engu máli hvort viðtakandi eigi rétt á endurgreiðslu samkvæmt tvísköttunarsamningi milli Íslands og heimalands viðtakanda.
- Þessi löggjöf hefur leitt til þess að vaxtaberandi skuldabréf sem gefin eru út af íslenskum fyrirtækjum, sem ekki eru sérstaklega undanþegin í 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt, eru ekki tæk til viðskipta á skipulögðum verðbréfamörkuðum erlendis. Alþjóðleg greiðslumiðlunarfyrirtæki hafna því að taka að sér greiðslumiðlun í tengslum við viðskipti með skuldabréf sem gefin eru út af íslenskum aðilum. Til þess að skuldabréf séu seljanleg á alþjóðamarkaði verði þau að vera til umsýslu hjá a.m.k. öðru en helst báðum greiðslumiðlunarfyrirtækjunum, Euroclear og Clearstream.
- Þá geta samtökin þess að vextir af skuldabréfaútgáfum sem ríkið, Seðlabanki, fjármálafyrirtæki og orkufyrirtæki greiða eru sérstaklega undanþeginir og ekki skylt að halda eftir skatti vegna skattgreiðslna á skuldabréfaútgáfum þessara aðila. Hins vegar kalli undanþágan á að sækja þurfi um staðfestingu á undanþágunni frá embætti ríkisskattstjóra við hverja einustu útgáfu, eða nokkrum sinnum á ári í tilviki hvers fjármálafyrirtækis. Auðvelt sé að færa rök fyrir því að um íþyngjandi skriffinnsku sé að ræða sem auðvelt ætti að vera að binda endi á.
- Með hliðsjón af þessu segja samtökin unnt að færa sterk rök fyrir því að ástæða sé til þess að ganga lengra eins og ráðherra kom inn á í

framsöguræðu sinni og afnema einnig staðgreiðslu af vaxtagreiðslum skuldabréfa.

- Þá benda samtökin á við þetta tækifæri að það yrði jafnframt til mikilla bóta á hlutabréfamarkaði að færa afdráttarskyldu skatts við útgreiðslu arðs frá útgefendum til vörsluaðila (fjármálafyrirtækja). Það væri til samræmis við að vörsluaðilar dragi staðgreiðsluskatt af vaxtagreiðslum við meðhöndlun afborgana af skuldabréfum. SFF tekur því undir umsögn Marels um frumvarpið að þessu leyti.

Ákvæði 22. gr. frumvarpsdraganna – breytingar á 25. gr. vskl., inneignarskýrslur

1.4.13 KPMG ehf.

- KPMG fagnar þessari tillögu þar sem oft hafi dregist að ríkisskattstjóri taki afstöðu til inneignarskattskýrslna. Lagt er til að frestur ríkisskattstjóra til að ákvarða endurgreiðslu samkvæmt inneignarskýrslum verði lengdur úr 21 degi í 30 daga. Hér skýtur svo sannarlega skökku við að mati KPMG ehf. Aflétting á skyldu ríkisskattstjóra til að rannsaka allar inneignarskýrslur dragi úr umfangi þessa liðar í eftirlitsstörfum. Fremur ætti að stytta afgreiðslufrestinn aftur í 15 daga eins og var allt til ársins 2011.
- *Þessi ábending kom einnig fram á samráðsgátt stjórnvalda af hálfu KPMG. Ákveðið var að gera ekki breytingar á frumvarpinu með tilliti til framkominna athugasemda þar sem talin er þörf á að hafa frestinn lengri fremur en skemmri. Í því sambandi má nefna að í framkvæmd koma nú oft á tíðum upp önnur og flóknari álitamál en áður sem veldur því að ekki er unnt í öllum tilvikum að standa við núgildandi tímamörk. Líkt og fram kemur í athugasemdum um ákvæðið er ekki um að ræða breytingu á skattframkvæmd þar sem í ljósi almennra regla um málshraða ber að afgreiða inneignarskýrslur eins fljótt og auðið er. Ráðuneytið telur þó rétt að breytingin verði skoðuð þegar fram í sækir og reynsla er komin á nýtt verklag.*

1.4.14 Deloitte ehf.

- Deloitte fagnar þessari tillögu og telur breytingartillöguna vera eðlilega og til bóta fyrir skattframkvæmd á sviði virðisaukaskatts. Mikilvægt sé að RSK geti beitt kröftum sínum í að rannsaka skýrslur sem sérstaklega er talið ástæða til að skoða, án þess að skylda hvíli á skattyfirvöldum að rannsaka allar inneignarskýrslur.

1.5 Tillögur ráðuneytisins um frekari breytingar á frumvarpinu.

1.5.1 Gildistaka frumvarpsins.

Greinar 13, 18 og 24 fjalla um tvöfalda refsingu í bráðabirgðaákvæðum sem öðlast þegar gildi. Í ákvæðunum sjálfum kemur fram að þau nái yfir tímabilið frá 1. janúar 2020 til 1. júlí 2020. Þessu þyrfti að breyta í 1. janúar 2020 til 31. desember 2020. Til stendur að setja á fót starfshóp sem semja á frumvarp til framlagningar á haustþingi 2020.

Gildistakan í 31. gr. frumvarpsins getur verið svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 4. og 6. gr. koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2020 vegna tekna ársins 2019.

Ákvæði 14.–17. gr. koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2020.“

1.5.2 Atriði er varða skattskyld skuldabréf sem skráð eru á markaði.

Líkt og kemur fram í framangreindum umsögnum er víða minnst á það að í frumvarpinu hafa vandamál ekki verið leyst sem snúa að skattskyldum skuldabréfum, hvað varðar sölu þeirra þegar hún er á milli aðila með takmarkaða skattskyldu og ótakmarkaða skattskyldu. Þá er milliuppgjörsaðila á borð við Clearstream skylt að halda eftir staðgreiðslu skatts af söluhagnaði án þess að hafa neinar tiltækar upplýsingar um stofnverð eða áfallna vexti. Þetta hefur leitt til þess eins og Samtök fjármálafyrirtækja, Seðlabankinn og fleiri minnst á, að viðskipti erlendra aðila með innlend skuldabréf og skráning innlendra skuldabréfa á erlendum mörkuðum eru með minnsta móti og hafa í raun ekki verið til staðar síðustu misseri.

Ráðuneytið telur efni til þess að efnahags- og viðskiptanefnd íhugi breytingu á 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga þannig að skráð skuldabréf á markaði verði einnig undanþegin skattskyldu en með lögum nr. 39/2013 voru skuldabréf gefin út af fjármálafyrirtækjum og orkufyrirtækjum undanþegin skattskyldu. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 39/2013 er ekki að finna um hvers vegna ekki var stigið það skref að undanþiggja skattlagningu öll skráð skuldabréf á markaði. Ljóst er að fleiri íslensk fyrirtæki hafa áhuga á að leita fjármögnunar erlendis en einungis fjármálafyrirtæki og orkufyrirtæki en geta það ekki vegna framangreinds regluverks. Ekki verður séð að unnt verði að einfalda undanþáguverklag hjá Skattinum við útgáfu undanþeginna skuldabréfa en í kjölfar lagabreytinga væri rétt að taka það til endurskoðunar.

1.5.3 Staðgreiðsluskylda af greiddum arði

Líkt og kemur fram í umsögn Marels hf., KPMG ehf. og Samtaka fjármálafyrirtækja er á það bent að einfaldara væri ef staðgreiðsluskylda væri í höndum fjármálafyrirtækja sem vörsluaðila bréfanna en ekki útgefenda sjálfra

sem eiga hægt um vik með að nálgast upplýsingar um rétthafa arðgreiðslna og halda eftir réttri staðgreiðslu.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við framangreinda tillögu kjósi efnahags- og viðskiptanefnd að taka hana til nánari skoðunar.



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. janúar 2020.

Umsögn KPMG um „frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.) á þingskjali 626 – 450. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 17. desember 2019 er KPMG gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. Frumvarpið er samið af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Á vinnslustigi birti ráðuneytið til umsagnar drög að frumvarpinu á samráðsgátt (island.is). KPMG veitti umsögn um drögin. Í frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir Alþingi, hefur að verulegu leyti verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem KPMG færði fram í umsögn sinni. Eftir standa þó atriði sem KPMG vill vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að auka nýrri málsgrein við 49. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Tillagan lýtur að tímamarki gjaldfærslu skilyrtra og valkvæðra vaxta. KPMG gerir ekki athugasemd við þá tillögu, enda er hún í fullu samræmi við ábendingu félagsins á vinnslustigi frumvarpsins. KPMG vekur hins vegar athygli á tilefni tillögunnar. Í greinargerð frumvarpsins er, með vísan til úrskurðar yfirskattanefndar og bindandi álits ríkisskattstjóra, bent á að í gildandi skattalögum sé ekki fyrir að fara skilgreiningu sem komið geti að gagni við að draga mörk milli skulda og eiginfjárframlaga í tilvikum fjármálagerna sem hafa einkenni hvors tveggja. Frumvarpið inniheldur ekki tillögu sem tekur á þessum skorti. Skattskil fyrirtækja byggjast á reikningsskilum þeirra og því blasir við sú einfalda laus að kveða í tekjuskattslögum á um sömu flokkun og færslu fjármálagerna í skattskilum og í reikningsskilum. Það er unnt að gera með því að auka við 75. gr. laga nr. 90/2003 nýrri málsgrein, svohljóðandi: „**Fjármálagerningar skulu flokkaðir og færðir til skulda eða eigin fjár með sama hætti og í reikningsskilum, sbr. lög um ársreikninga, settar reikningsskilareglur og lög um bókhald.**“

Þann 1. janúar 2019 tók gildi alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn IFRS 16 um leigusamninga. Samkvæmt staðlinum ber leigutaka að eignfæra nýtingarrétt hins leigða og skuldfæra framtíðarleigugreiðslur. Á leigutímanum skal nýtingarréttur afskrifaður, en samningsgreiðslum skipt í afborganir af höfuðstól og vexti. Öllum félögum, sem falla undir gildissvið ársreikningalaga, ber að flokka og færa leigusamninga samkvæmt IFRS 16. Kynnt hafa verið á samráðsgátt stjórnvalda frumvarpsdrög þar sem lagt til að örfélögum og litlum félögum verði heimilt að víkja frá reglum IFRS 16 í reikningsskilum sínum. Í tekjuskattslögum er hvorki að finna ákvæði um eign- og skuldfærslu leigusamninga, né um útleiðslu tekna og gjalda af leigusamningum. Beinast liggur við að haga meðferð leigusamninga í skattskilum með sama hætti og í reikningsskilum, enda byggja hvor tveggja skilin á sömu meginreglum um lotun tekna og gjalda. Það er þó ekki óyggjandi og er þögn tekjuskattslaga í þessum efnunum bagaleg. KPMG leggur því til að ákvæði um meðferð leigusamninga verði tekið upp í lög 90/2003. Í VII. kafla þeirra, um eignir og skuldir, er 76. gr. án efnis. Efni hennar gæti verið: „**Leigusamningar í atvinnurekstri skulu færðir skattaðila til eignar og skuldar hverju sinni með sama hætti og í ársreikningum hans, eftir atvikum skv. lögum um ársreikninga, settum reikningsskilareglum eða lögum um bókhald.**“ Við 2. mgr. 29. gr. mætti bæta nýjum málslið, svohljóðandi: „**Gjöld af leigusamningum í atvinnurekstri skal færa skattaðila til frádráttar tekjum með sama hætti og í ársreikningi hans, eftir atvikum skv.**“

lögum um ársreikninga, settum reikningsskilareglum eða lögum um bókhald.“ Með orðunum „eftir atvikum“ er hér vísað til þess að sumum skattaðilum ber að semja ársreikninga sína samkvæmt ársreikningalögum, en öðrum samkvæmt lögum um bókhald, og að í lögum um ársreikninga er kveðið á um að fara skuli eftir settum reikningsskilareglum um þau atriði sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í þeim lögum. Settar reikningsskilareglur eru annars vegar alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) sem innleiddir hafa verið í íslenskan rétt og hins vegar reglur settar af reikningsskilaráði.

Í 14. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 6. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Tillagan er þess efnis að felld verð niður skylda til að halda skatti eftir í staðgreiðslu af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa og stofnbreifa sem fellur þeim til er aðeins bera hér takmarkaða skattskyldu. Haldgóð rök eru færð fyrir tillögu þessari í greinargerð frumvarpsins. KPMG gerir ekki athugasemdir við þessa tillögu, en bendir á að viðlíka rök eiga við um arðgreiðslur milli innlendra félaga með takmarkaðri ábyrgð hluthafa. Sökum frádráttarréttar í 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 kemur ekki til endanlegrar skattlagningar slíks arðs. Þrátt fyrir það skal greiðandi arðsins halda skatti af honum eftir í staðgreiðslu og skila skattinum í ríkissjóð, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Afdráttur þessi í staðgreiðslu skilar ríkissjóði engum tekjum, en bindur fé arðsmóttakanda að ástæðulausu. Afdráttarskylda er til staðar enda þótt arður sé greiddur með öðrum verðmætum en reiðufé og því ekki unnt að halda hluta verðmætanna eftir í staðgreiðslu og skila í ríkissjóð. Afdráttarskyldan er aðeins til þess fallin að valda greiðanda og móttakanda arðs óhagræði, sem getur verið ærið við ýmsar aðstæður. Full ástæða er til að undanþiggja umræddar arðgreiðslur afdrætti skatts í staðgreiðslu, sem t.d. er unnt er gera með breytingu á 3. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Í stað orðanna „aðila sem samskattaðir eru skv. 55. gr.“ kæmu þá orðin „félaga skv. 1. tölul. 2. gr.“ Málsgreinin í heild hljóðaði þá: Stofn til staðgreiðslu sem arður samkvæmt lögum þessum teljast tekjur, sbr. 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þ.e. fjárhæð sú er félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, greiða eða úthluta, að undanteknum arði sem úthlutað er á milli félaga skv. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Í 23. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 25. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Lagt er til að felld verði niður skylda ríkisskattstjóra til að rannsaka sérstaklega virðisaukaskattsskýrslur þar sem tilgreindur innskattur er hærrí en útskattur (inneignarskýrslur). KPMG fagnar þessari tillögu, enda hefur skylda þessi átt sinn þátt í að oft hefur dregist úr hömlu að ríkisskattstjóri taki afstöðu til inneignarskýrslna. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að frestur ríkisskattstjóra til að ákvarða endurgreiðslu samkvæmt inneignarskýrslum (afgreiða skýrslur) verði lengdur úr 21 degi í 30 daga. Hér skýtur svo sannarlega skökku við. Aflétting á skyldu ríkisskattstjóra til að rannsaka allar inneignarskýrslur dregur úr umfangi þessa liðar í eftirlitsstörfum ríkisskattstjóra og gefur tilefni til að stytta afgreiðslufrest hans, en alls ekki til að lengja frestinn. Í rúma tvo áratugi var afgreiðslufrestur ríkisskattstjóra á inneignarskýrslum 15 dagar, en var frá og með upphafi árs 2011 lengdur í 21 dag. Var sú lenging réttlætt með því að inneignarskýrslum hefði fjölgað, en á þeim tíma bar ríkisskattstjóra að rannsaka sérstaklega allar inneignarskýrslur. Verði þeirri skyldu létt af ríkisskattstjóra er rökrétt að stytta afgreiðslufrestinn aftur í 15 daga. Vert er að hafa í huga að innan frestsins mun ríkisskattstjóri aðeins þurfa að taka afstöðu til þess hvort skýrslur þarfnist skoðunar. Þær skýrslur sem ríkisskattstjóri telur ekki þarfnast skoðunar afgreiðir hann með einu handtaki. Telji ríkisskattstjóri skýrslu þarfnast skoðunar rýfur hann afgreiðslufrestinn með fyrirspurn til skattaðila. KPMG leggur því til að d-liður 23. gr. frumvarpsins orðist svo: „Í stað orðanna „tuttugu og eins dags“ í 1. málsli. 4. mgr. kemur: **fimmán daga.**“

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingi, nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Garðabæ, 10. janúar 2020

Umsagnarbeiðni nr. 11034

Efni: Umsögn Marel um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld

Marel hf. vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vegna frumvarps til breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.), („frumvarpið“), sem lagt var fram á Alþingi þann 4. desember 2019, málsnúmer 450.

Enda þótt ekki séu lagðar til breytingar á lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur í frumvarpinu telur Marel rétt, með hliðsjón af efni frumvarpsins, að fara þess á leit við efnahags- og viðskiptanefnd að taka slíkar breytingar til skoðunar samhliða öðrum breytingum sem í frumvarpinu felast. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 hvílir skyldan til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð á lögaðilum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Samkvæmt þessu bera útgefendur hlutabréfa ábyrgð á því að skila skatti af arðgreiðslum. Marel telur ríkar ástæður fyrir hendi sem mæla með því að þessu fyrirkomulagi verði breytt þannig að skilaskylda staðgreiðslu af arði verði flutt yfir á fjármálafyrirtæki.

Fyrirkomulag arðgreiðslna hér á landi er með þeim hætti að í kjölfar samþykkis hluthafafundar á arðgreiðslu reiknar útgefandi réttindi hvers hluthafa til arðs. Útgefendum sem greiða arðinn ber að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts og skila honum í ríkissjóð en til að geta haldið eftir réttum skatti af arðgreiðslunni þurfa þeir að vita skattalega stöðu hvers hluthafa. Sumir hluthafar kunna þannig að hafa takmarkaða skattskyldu á grundvelli tvísköttunarsamninga og aðrir eru undanþegnir staðgreiðslu, t.d. lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir.

Útgefandinn er gerður ábyrgur fyrir afdrætti skattsins, en ekki fjármálafyrirtækið sem varðveitir hlutabréfin fyrir hluthafana. Fjármálafyrirtækið hefur milligöngu um greiðsluna, tekur við arðgreiðslunni frá útgefanda, leggur inn á reikning hluthafans og sendir hluthafanum staðfestingu á arðgreiðslunni. Sama framkvæmd á sér stað ef um er að ræða vexti af t.d. rafrænum skuldabréfum eða söluhagnað af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en munurinn er sá að þá heldur fjármálafyrirtækið eftir skatti og skilar í ríkissjóð.

Ofangreint fyrirkomulag, þ.e. að útgefandi hlutabréfa haldi eftir skatti af arðgreiðslu og skili í ríkissjóð, hefur í för með sér margvísleg vandamál ár hvert þegar kemur að arðgreiðslum. Vegna skorts á upplýsingum um skattalega stöðu hluthafa verða útreikningar hlutafélaganna vegna arðgreiðslu gjarnan rangir. Það veldur óþarfa vinnu við leiðréttingar og endurgreiðslur.

Af þessu skapast óhagræði sem auðveldlega mætti leysa með því að flytja skilaskyldu staðgreiðslu af arði yfir á fjármálafyrirtæki, en slíkt fyrirkomulag tíðkast víða erlendis. Fjármálafyrirtæki eru í viðskiptasambandi við hluthafa og geta því aflað upplýsinga um skattalega stöðu þeirra á einfaldari hátt en útgefendur. Auk þess hafa fjármálafyrirtækin þekkingu og búa yfir kerfum til að sjá um skattgreiðsluna hratt og örugglega, enda sjá þau þegar um útreikning og skil á skatti af vöxtum. Lagt er til að fyrirkomulagi afdráttar skatts af arði verði breytt á þann veg að vörsluaðilar hlutabréfa, þ.e. fjármálafyrirtæki, haldi eftir og skili skatti af arðgreiðslum í þeim tilfellum þegar hlutafé er rafrænt útgefið í verðbréfamiðstöð. Fyrirkomulagið yrði fært í átt til þess sem gildir við afdrátt skatta af vaxtatekjum eða söluhagnaði í viðskiptum hlutdeildarskrifteina.

Til að þetta gangi eftir þarf að breyta 3. gr. laga nr. 94/1996 á þann veg að 1. mgr. eigi líka við um staðgreiðslu af arði vegna rafrænt skráðra hlutabréfa, sbr. eftirfarandi tillögu að nýrri 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996:

„3. gr.

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði vegna hlutabréfa sem eru skráð rafrænt í verðbréfamiðstöð, vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum fjármálafyrirtækjum og fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, váttryggingafélögum, svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra. [Sama gildir um aðila skv. 1. og 2. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.] 1)“

Þá er einnig lagt til í tillögunni að hugtök verði færð til samræmis við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þ.e. tekin verði út hugtök sem ekki eru lengur í notkun í gildandi löggjöf á sviðinu.

Marel vísar að lokum til bréfs Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um sama efni, dags. 19. september 2018, þar sem þess var farið á leit við fjármála- og efnahagsráðuneytið að það tæki til skoðunar að hlutast til um framangreinda breytingu á ofangreindum lögum og lýstu bréfritarar því jafnframt yfir að þeir væru tilbúnir til að vinna með ráðuneytinu að slíkri breytingu ef þörf kræfi. Starfsmenn Marel eru að sama skapi að sjálfsögðu reiðubúnir til frekara samtals og samvinnu á þessu sviði sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Marel hf.



Árni Sigurjónsson
yfirlögfræðingur

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 13. janúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.), 450. mál.

Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 17. desember sl. þar sem óskað var umsagnar Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. (Nasdaq) um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld.

Nasdaq fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í II. kafla frumvarpsins á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Nái breytingin fram að ganga verður söluhagnaður hlutabréfa og stofnbreifa undanþeginn afdrætti staðgreiðslu hjá þeim aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. Telja verður að þessi breyting muni hafa jákvæð áhrif á viðskipti með íslensk hlutabréf og einfalda framkvæmd uppgjörs viðskipta sem gerir milliliðum á fjármálamarkaði kleift að þjónusta viðskiptavinum sína.

Innlendar verðbréfaeignir á Íslandi eru að miklum meirihluta skráðar á nafn endanlegs eiganda í verðbréfamiðstöð fyrir tilstuðlan fjármálafyrirtækis sem er aðili að verðbréfamiðstöðinni og á í viðskiptasambandi við eiganda verðbréfa. Erlend verðbréfaeign innlendra fjárfesta hjá innlendum fjármálafyrirtækjum er hins vegar safnskráð erlendis. Hlutfall erlendra fjárfesta sem kjósa að varsla verðbréf á íslenskum safnreikningum er mjög lágt í samanburði við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Safnskráning getur verið forsenda fyrir því að erlendir fjárfestar eigi viðskipti með innlend verðbréf, þar sem ætla má að þeir geti þá með góðu móti nýtt það viðskiptasamband sem þeir eiga í við sitt fjármálafyrirtæki erlendis, til að eiga viðskipti með íslensk verðbréf. Hinsvegar, til að það ná fram að ganga, verða reglur um skattlagningu söluhagnaðar að vera einfaldar og skýrar.

Útreikningur á afdráttarskatti af söluhagnaði hlutabréfa og vaxtagreiðslum skuldabréfa hefur reynst milliliðum og vörsluaðilum erfiður, þar sem upplýsingar um kaupverð liggur ekki fyrir hjá þeim aðila sem skilaskylduna ber. Fyrirkomulagið er sérstaklega flókið í þeim tilfellum þar sem um er að ræða vörslukeðju milliliða og verðbréfin eru skráð á safnreikninga. Þar er viðskiptasambandið við endanlegan eiganda í sumum tilfellum hjá erlendu fjármálafyrirtæki eða millilið en ekki hjá vörsluaðilanum á Íslandi. Erlendi milliliðurinn fellur þannig undir kröfur um skilaskyldu söluhagnaðar, án þess þó að hafa aðgengi að fullnægjandi upplýsingum til útreiknings á skattstofni..

Í kjölfar þessara breytinga sem frumvarpið leggur til er mikilvægt að skerpa á reglum er snúa að upplýsingaskilum milliliða til ríkisskattstjóra en ofangreindir örðugleikar um upplýsingaöflun varðandi kaupverð, valda því að milliliðir hafa ekki tiltækar þær upplýsingar sem skattstjóri fer fram á og eiga erfitt með að nálgast þær. Verði milligönguáðilum gert að



skila inn upplýsingum um söluverð og söluhagnað endanlegs eiganda, munu áhrif undanþágunnar verða takmörkuð og kostnaðarsöm fyrir fjárfestinn.

Nasdaq verðbréfamiðstöð hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið og er undirrituð fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllt,

Árnína St. K.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 13.1.2020
Tilvísun: 20191204355

Kt. 420169- 3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld - 450 mál, þskj. 626

Hinn 17. desember 2019 móttók ríkisskattstjóri tölvupóst þar sem embættinu var gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp og er af því tilefni settur fram eftirfarandi texti:

I.

Um 2. gr. frumvarpsins

Ríkisskattstjóri gerir athugasemdir við orðalag í 2. gr. frumvarpsins. Í stað þess að segja:

„næsta 60 mánaða samfelldu tímabili fyrir upphaf starfa hans hér á landi, ef frá er talin búseta eða heimilisfesti á síðustu þremur mánuðum þess tímabils“

færi betur að segja:

„næsta 60 mánaða samfelldu tímabili fyrir upphaf starfa hans hér á landi, en þó þannig að fyrstu þrjú mánuðir dvalar hérlendis teljast ekki með.“

Um 4. gr. frumvarpsins

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilefni ákvæðisins sé úrskurður yfirsattanefndar nr. 95/2019. Í úrskurðinum komi fram að í núgildandi skattalögum séu ekki fyrir hendi sérstakar skilgreiningar sem komið geti að gagni við að draga mörk skulda og eiginfjárframlaga í einstökum tilvikum. Ekki verður séð að með ákvæði frumvarpsins séu þessi mörk dregin. Hafa verður jafnframt í huga þau alþjóðlegu skattalegu álitamál sem komið geta upp við greiningu alþjóðlegra fjármálagerninga. Það er þá fyrst þegar leyst hefur verið úr því hvoru megin hryggjar fjármálagerningur liggur, þ.e. skulda eða eiginfjárliða, að það reyni á gjaldfærslu með þeim hætti sem í ákvæðinu greinir. Það er grunnregla í íslenskum skattarétti að heitið gernings eitt eða tekna hefur ekki úrslitaáhrif við heimfærslu í skattalegu tilliti heldur ræðst það af mati hverju sinni.

Reglunni er að öðru leyti ætlað að koma í veg fyrir að reiknaðir séu áfallnir vextir til gjalda við þær aðstæður að um valkvæðar vaxtagreiðslur sé að ræða. Heppilegra væri að nánar sé tilgreint hvað átt er við með orðasambandinu: „að öðrum skilyrðum uppfylltum“. Ef meiningin er að uppfyllt séu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. lag nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.) væri heppilegra að vísa beint til þess.

Um 9. gr. frumvarpsins.

Með þessari breytingu er lagt til að lögfest verði áratuga löng framkvæmdavenja um að sömu reglur gildi um breytingar á skattlagningu eftir álagningu hjá samsköttuðum hjónum og sambúðarfólki óháð því hvernig viðkomandi breyting er tilkomin.

Um 5., 10. og 19.-21. gr. frumvarpsins

Vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í 5., 10. og 19-21. gr. vill ríkisskattstjóri taka fram að undanfarin tvö ár hefur álagning lögaðila farið fram í lok september, kærufrestur hefur verið til ársloka og afgreiðslutími kæra verið tveir mánuðir þar frá, þ.e. í síðasta lagi í lok febrúar. Árin þar áður fór álagning á lögaðila fram í lok október.

Strax var ljóst að þessi breyting á tímamarki álagningar lögaðila féll ekki í góðan jarðveg hjá fagaðilum, þ.e. þeim sem hafa atvinnu af framtalsgerð. Fyrst og fremst töldu fagaðilar að breytingin hefði í för með sér enn meira vinnuálag á ákveðnum tíma ársins en áður var, og að enn erfiðara yrði en áður að ljúka framtalsskilum á tilsettum tíma. Jafnframt er ljóst að tími ríkisskattstjóra til yfirferðar á oft flóknnum framtölum er knappur. Að frumkvæði ríkisskattstjóra var því snemma árs 2019 skipaður samstarfshópur með fulltrúum ríkisskattstjóra, Félags löggiltra endurskoðenda og Félags bókhaldsstofa til að skoða hvort eitthvað væri unnt að gera til að auðvelda framtalsskil lögaðila. Út úr þessu samstarfi komu nokkur atriði sem eru til skoðunar, en fyrst og fremst var það niðurstaðan að tímafrestur til að skila væri of knappur.

Ríkisskattstjóri er sammála því að færa álagningu lögaðila aftur til loka október, eða um u.þ.b. einn mánuð frá því sem nú er. Þannig er hægt að framlengja framtalsfrest um u.þ.b. þrjár vikur, með ýmsum skilyrðum sem venjan er að kveða á um bréflaga til fagaðila, s.s. að skil séu með jöfnum hætti, stórum félögum sé skilað fyrr en þeim minni o.s.frv.

Kærufrestur bæði lögaðila og einstaklinga vegna álagningar opinberra gjalda er nú þrír mánuðir. Ríkisskattstjóri er þeirrar skoðunar að í tilviki einstaklinga sé það eðlilegur tímafrestur, enda liggur álagning á þá fyrir í mailok og meiri líkur á því að farist fyrir að kæra yfir sumarmánuðina. Í tilviki lögaðila sé nægjanlegt að kærufrestur sé einn mánuður, enda ber hann upp á öðrum tíma ársins og lögaðilar njóta gjarnan liðsinnis fagaðila við kærur.

Frestur ríkisskattstjóra til að afgreiða kærur er nú tveir mánuðir og hefur svo verið áratugum saman, þrátt fyrir fjölgun framteljenda og afleidda aukningu á kærum. Á árum áður var þessi frestur gjarnan framlengdur, jafnvel svo mánuðum skipti, en á síðari árum hefur tekist með mikilli vinnu og útsjónarsemi að halda formlega umræddan afgreiðslufrest. Oft á tíðum hefur þessi skammti frestur leitt til þess að ekki vinnst tími til að spyrjast nánar fyrir um kæruefni hjá kæranda þegar það þó myndi stuðla að betri stjórnsýslu. Hefur það m.a. leitt til þess að kærur eru afgreiddar með þeim fyrirvara að koma kunni til endurskoðunar síðar með tilheyrandi tvíverknaði og óhagræði fyrir viðskiptavininn. Ríkisskattstjóri tekur því heils hugar undir það sem fram kemur í frumvarpinu um að lengja afgreiðslutíma kæra í þrjá mánuði. Tekið skal fram í því sambandi að kærur eru og verða áfram afgreiddar jafnt og þétt yfir afgreiðslutímamann þannig að lengdur afgreiðslutími ætti engin áhrif að hafa fyrir meginþorra kæranda, en svigrúm gæfist að sama skapi til að flóknari úrlausnarefni fengju þá efnislegu úrlausn sem best hæfir. Þá er rétt að benda á að heildaravgreiðslutími í tilviki lögaðila mun stytast um einn mánuð, verði af umræddum breytingum, þ.e. einn mánuður í kærufrest og þrír til að afgreiða kærur, en þessi heildartími er nú fimm mánuðir.

Í 5., 19., 20., og 21. gr. er að finna afleiddar tilfærslur á gjalddögum í samræmi við tillögur um breytt fyrirkomulag á tímasetningu álagningar lögaðila.

II.

Um 16. og 17. gr. frumvarpsins.

Í 16. og 17. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um breytingar sem ætlað er að styrkja heimildir ríkisskattstjóra til að stöðva nýtingu á persónuafslætti í tilvikum þegar hann er ofnotaður. Ríkisskattstjóri tekur undir það að tilefni sé til að styrkja þessar heimildir. Á staðgreiðsluárinu 2018 ofnotuðu 12.322 einstaklingar persónuafslátt sinn og nam meðalfjárhæð 154.008 kr. Samtals nam ofnýting 1.897.690.771 kr. Blasir við að það getur verið þungt í skauti að endurgreiða þessar fjárhæðir eftir álagningu, samhliða því að greiða staðgreiðslu í hverjum mánuði. Ríkisskattstjóri telur að vinna þurfi að því að minnka ofnotkun persónuafsláttar en þegar litið sé heildstætt á hlutina þá sé slíkt til hagsbóta fyrir einstaklinga.

III.

Um 22. og 23. frumvarpsins

Ríkisskattstjóri telur að þær breytingar sem lagðar eru til í 22. og 23. gr. frumvarpsins séu til verulegra bóta í virðisaukaskattsframkvæmdinni. Að því er varðar þá breytingu sem lögð er til í d. lið 23. gr. er rétt að taka fram að hún mun ekki hafa þau áhrif að engar skýrslur verði afgreiddar innan þrjátíu daga, heldur mun breytingin leiða til þess að fleiri skýrslur verði afgreiddar innan tilskilinna tímamarka.

IV.

Ríkisskattstjóri vill benda á að frumvarp það sem hér er til umfjöllunar kom fram á Alþingi á árinu 2019 og miðaðist gildistökuákvæðið í 31. gr. þess ýmist við gildistöku þegar í stað eða 1. janúar 2020. Þar sem frumvarpið kom ekki til meðferðar á Alþingi á árinu 2019 verður að huga að breytingum á gildistökuákvæðinu.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Elín Alma Arthursdóttir

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13. janúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.), 450. mál.

SFF hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. Af því tilefni vilja samtökin koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd í tengslum við 14. og 15. gr. frumvarpsins. SFF fagna þessari tillögu og telja hana til þess fallna að greiða fyrir viðskiptum með íslensk hlutabréf. Hins vegar telja samtökin að það þurfi að breyta lögum enn frekar til þess að ná þessu markmiði.

Staðgreiðslu af söluhagnaði af íslenskum hlutabréfum og stofnbréfum

Í 14. og 15. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á orðalagi 6. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, þannig að greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu sæti ekki staðgreiðslu af söluhagnaði af íslenskum hlutabréfum og stofnbréfum.

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að það eru alþjóðleg greiðslumiðlunarfyrtæki sem sjá um greiðslumiðlun í tengslum við viðskipti með hlutabréf íslenskra útgefenda fyrir hönd milligönguaðila. Í dag eru tvö greiðslumiðlunarfyrtæki leiðandi á þessum markaði í Evrópu, þ.e. Clearstream og Euroclear. Til þess að hlutabréf séu seljanleg á alþjóðamarkaði verða þau að vera til umsýslu hjá alþjóðlegu greiðslumiðlunarfyrtæki. Bæði Íslendingar og aðilar með takmarkaða skattskyldu geta átt viðskipti með íslensk hlutabréf sem skráð eru í erlendar kauphallir og hafa þessi alþjóðlegu greiðslumiðlunarfyrtæki haft milligöngu um uppgjör á þessum bréfum. Hafni þessi fyrtæki að annast umsýslu bréfanna lokast aðgangur hlutafélaganna að erlendum hlutabréfamörkuðum. Borið hefur á því að þau hafi hafnað að taka íslensk hlutabréf í vörslu fyrir íslensk fjármálafyrtæki þar sem þau telja ómögulegt að uppfylla skilyrði 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt um upplýsinga- og skýrslugjöf um söluhagnað. Ástæða þess er m.a. uppsetning vörslureikninga hjá erlendum vörsluaðilum (svokallaðir Omnibus reikningar) að margir eigendur eru skráðir á sama vörslureikninginn og ekki er hægt að sundurgreina verðbréfasafnið eftir eigendum.

SFF benda á að í dag er markaðurinn þannig, að annars vegar eru íslensk félög sem gefa eingöngu út hlutabréf í íslenskri kauphöll, eins og t.d. Icelandair Group hf., og hins vegar eru íslensk félög sem gefa út hlutabréf í íslenskri og erlendri kauphöll, eins og t.d. Marel hf. og Arion banki hf. Í dag er framkvæmdin þannig að ef viðskipti innlendra og erlendra aðila með bréf sem eingöngu eru gefin út í innlendri verðbréfamiðstöð (t.d. Icelandair Group hf.) fara fram í gegnum íslenskt fjármálafyrirtæki (uppgjör fer fram á Íslandi) þá dregur íslenska fjármálafyrirtækið af staðgreiðslu af söluhagnaði í tilviki erlendu aðilanna og skilar upplýsingum um viðskiptin til skattyfirvalda.

Ef um er að ræða viðskipti innlendra og erlendra aðila með bréf sem gefin eru út í innlendri og erlendri verðbréfamiðstöð (t.d. Marel hf. í EUR) og þau viðskipti fara fram í gegnum íslenskt fjármálafyrirtæki (uppgjör fer fram á Íslandi) þá dregur íslenska fjármálafyrirtækið af staðgreiðslu af söluhagnaði í tilviki erlendu aðilanna og skilar upplýsingum um viðskiptin til skattyfirvalda.

Ef hins vegar viðskipti innlendu og erlendu aðilanna fara fram í gegnum erlendan banka (uppgjör fer fram erlendis bæði t.d. Icelandair hf. og Marel hf.) sem varslar þau svo hjá hinum alþjóðlegu greiðslumiðlunarfyrtækjum þá er hætta á, samkvæmt álitum Clearstream í umsögn um þetta lagafrumvarp, að bæði afdráttur staðgreiðslu og upplýsingarskyldu til skattyfirvalda sé ekki sinnt þar sem alþjóðlegu greiðslumiðlunarfyrtækjunum er bæði ómögulegt að draga af skattinn og skila réttum upplýsingum þar sem þau hafa ekki nægilegar upplýsingar hjá sér. Rétt er að benda á að íslensk hlutabréf (bæði t.d. Icelandair hf. og Marel hf.) eru læst í dag þegar þau eru í vörslu t.d. Clearstream, m.ö.o. eigendur eru fastir með bréfin vegna framangreinds ómöguleika.

Ljóst er að þó svo staðgreiðsluskyldan verði felld niður þá hvílir enn skylda á alþjóðlegu greiðslumiðlunarfyrtækjunum að skila upplýsingum um viðskipti með íslensk hlutabréf til ríkisskattstjóra til forskráningar á skattframtöl samkvæmt 2. mgr. 92. gr. tekjuskattlaganna. Eins og rakið hefur verið búa fyrirtækin ekki yfir þessum upplýsingum. Það eru einungis íslensku fjármálafyrirtækin sem hafa þessar upplýsingar og er því lagt til að upplýsingaskyldan verði látin hvíla á þeim í þeim tilvikum þegar erlendu fyrirtækin taka að sér vörslu hlutabréfa fyrir íslenskan vörsluaðila (t.d. íslenskan banka).

Staðgreiðsla skatta af vöxtum sem greiddir eru erlendum viðtakanda

Í framsöguræðu fjármála- og efnahagsráðherra í tengslum við 14. og 15. gr. frumvarpsins kom fram áhugi ráðherra á að efnahags- og viðskiptanefnd skoði í samvinnu við ráðuneytið hvort ástæða sé til að útvíkka undanþáguna og fella undir hana vaxtagreiðslur af skuldabréfum. Tók ráðherra fram í ræðu sinni að staðgreiðsluskyldan geti komið í veg fyrir möguleika íslenskra aðila til að fá fjármögnun erlendis frá.

SFF fagna þessari umræðu og hvetja eindregið til þess að staðgreiðsla skatta af vaxtagreiðslum til aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi verði afnumin. Óhætt er að fullyrða að staðgreiðsla skatta af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa og af vaxtagreiðslum skuldabréfa sé viðskiptahindrun hvað varðar fjárfestingu erlendra aðila í íslensku efnahagslífi. Ísland er lítill markaður og skattheimta þessi gerir það að verkum að fjárfesting hér á landi er lítið aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta. Fyrirkomulag skattheimtu er eitt það fyrsta sem fjárfestar skoða við mat á fýsileika fjárfestingar og hefur þetta séríslenska fyrirkomulag fælandi áhrif, enda

kostnaðarsamt og íþyngjandi ferli, bæði fyrir fjárfesta og vörsluaðila hér á landi. Tillaga frumvarpsins um afnám staðgreiðslu skatta af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa er því mjög ánægjuleg fyrir íslensk viðskiptalíf.

Forsaga staðgreiðsluskyldu á vöxtum sem greiddir eru til erlendra aðila er sú að árið 2009 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Með lögnum urðu vaxtagreiðslur til erlendra aðila skattskyldar hér á landi en fram til þess tíma höfðu slíkar vaxtagreiðslur ekki verið skattlagðar. Jafnframt hvílir skylda samkvæmt íslenskum lögum til að halda eftir í staðgreiðslu skatti af vöxtum greiddum úr landi á greiðanda vaxtanna. Skiptir þar engu máli hvort viðtakandi vaxtanna eigi rétt á endurgreiðslu samkvæmt tvísköttunarsamningi milli Íslands og heimalands viðtakanda. Annast milligönguaðili greiðslu vaxtanna skal hann gegna skyldum greiðanda, óháð því hvort að milligönguaðilinn er innlendir eða erlendir.

Þessi löggjöf hefur leitt til þess að vaxtaberandi skuldabréf, sem gefin eru út af íslenskum fyrirtækjum (að undanskildum skuldabréfum fjármálafyrirtækja og orkufyrirtækja), eru ekki tæk til viðskipta á skipulögðum verðbréfamörkuðum erlendis. Ástæðan er sú sama og nefnd var hér að framan þ.e. að alþjóðleg greiðslumiðlunarfyrirtæki hafna því að taka að sér greiðslumiðlun í tengslum við viðskipti með skuldabréf sem gefin eru út af íslenskum aðilum. Í dag eru tvö greiðslumiðlunarfyrirtæki leiðandi á þessum markaði í Evrópu, þ.e. Clearstream og Euroclear. Til þess að skuldabréf séu seljanleg á alþjóðamarkaði verða þau að vera til umsýslu, hjá a.m.k. öðru en helst báðum fyrirtækjunum. Þessi fyrirtæki neita að annast umsýslu bréfanna sem þannig hefur lokað aðgangi íslenskra fyrirtækja, að erlendri lánsfjármögnun með útgáfu skuldabréfa.

Þess má geta að vextir af skuldabréfaútgáfum sem ríkið, Seðlabanki, fjármálafyrirtæki og orkufyrirtæki greiða eru sérstaklega undanþegnin og er ekki skylt að halda eftir skatti vegna vaxtagreiðslna af skuldabréfaútgáfum þessara aðila. Hins vegar kallar þessi undanþága á að sækja þarf um staðfestingu á undanþágunni frá embætti Skattsins við hverja einustu útgáfu, eða nokkrum sinnum á ári í tilviki hvers fjármálafyrirtækis. Má auðveldlega færa rök fyrir því að um íþyngjandi skriffinnsku sé að ræða sem auðvelt ætti að vera að binda endi á.

Þá má minna á að í *Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið* er á bls. 199-200 fjallað um mikilvægi erlendra fjárfestingar hér á landi sem mótvægi við erlenda fjárfestingu íslenskra lífeyrissjóða. Jafnframt er bent á að erlend fjárfesting sé nauðsynleg til að tryggja samkeppni og fjölbreytni á fjármagnsmarkaði. Breyting á skattareglum í þessa veru væri mikilvægt skref í að færa íslenskt fjárfestingarumhverfi nær því sem alþjóðlegir fjárfestar þekkja frá öðrum ríkjum og þannig greiða fyrir aukinni fjárfestingu erlendis frá.

Með hliðsjón af framangreindu má færa sterk rök fyrir því að full ástæða er til að ganga lengra eins og ráðherra kom inn á í framsöguræðu sinni og afnema einnig staðgreiðslu af vaxtagreiðslum skuldabréfa.

Afdráttarskylda skatts við útgreiðslu arðs

Loks vilja SFF benda á við þetta tækifæri að það yrði til mikilla bóta á hlutabréfamarkaði að færa afdráttarskyldu skatts við útgreiðslu arðs frá útgefendum til vörsluaðila (fjármálafyrirtækja). Það væri til samræmis við að vörsluaðilar draga staðgreiðsluskatt af

vaxtagreiðslum við meðhöndlun afborgana af skuldabréfum. SFF taka undir umsögn Marel um frumvarpið að þessu leyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur



13. janúar 2020
Tilv.: 2001565

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv.t.l. um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.),

Með tölvupósti dags. 17. desember 2019, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, 450. mál.

Í 14. og 15 gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld er lögð til breyting á 5. gr. og 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987.

Seðlabankinn styður framangreinda breytingu sem lögð er til í frumvarpinu. Um er að ræða aðgerð sem felur í sér einföldun á regluverki gagnvart erlendum aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu hérlendis. Breytingin felur í sér að aðkoma erlendra aðila sem og vörsluaðila eða milligönguaðila þeirra er einfölduð þegar kemur að viðskiptum með hlutabréf eða stofnbréf hér á landi, en óbreytt regluverk felur í sér vissa tæknilega hindrun fyrir erlenda fjárfestingu í hlutabréfum og stofnbréfum og býr til ákveðið ójafnræði gagnvart innlendum fjárfestum.

Mikilvægt er að fækka aðgangshindrunum að innlendum mörkuðum eins og fremst er unnt og samræma regluverk við nágrannaríki okkar. Á þetta sérstaklega við í tilvikum smáríkja eins og Íslands, þar sem sérhæft eða flókið regluverk verður frekar til þess að fjárfestar og þeir sem útfæra fjármálaþjónustu víða um heim sjá sér ekki hag í því að styðja fjárfestingu í íslenskum verðbréfum sem gerir fjármögnun hér á landi dýrari en ella.


Í kjölfar þessara breytinga þarf að skoða vandlega hvort til staðar eru fleiri íþyngjandi eða óeðlilegar hindranir fyrir erlenda fjárfesta á innlenda markaði, s.s. á skuldabréfamarkaði, enda er þátttaka erlendra aðila á innlendum skuldabréfamarkaði með minnsta móti um þessar mundir.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri



Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri